



HPEM2FB02D

Permanent 4

**Kennsluáætlun – vorönn 2022**

**Fjölbrautaskóli Suðurlands**

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir**

[earnaarna@fsu.is](mailto:earnaarna@fsu.is)

**Áfangalýsing:** Nemandi fær þjálfun og öðlast leikni í hönnun og ísetningu á permanenti miðað við fyrirhugaða útkomu. Kennd er greining hárs og meðferð ýmissa tegunda af permanentefnum og sléttunarefnum. Unnið er áfram með verklýsingar. Verkefni eru unnin á æfingarhöfði og módelum.

**Markmið áfangans:**

**Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- útfærslu permanents samkvæmt verklýsingu og óskum viðskiptavina.
- ýmsum gerðum permanent- og sléttiefna sem unnið er með.
- að taka tillit til líffræðilegra þátta við hönnun meðferðar.
- vali á spólugerð með hliðsjón af útkomu

**Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- gera verklýsingar og spjaldskrár.
- framkvæma mismunandi upprúll fyrir permanent með tilliti til útkomu.
- setja permanent og sléttun í ýmsar síddir af hári með ólíkum aðferðum.
- greina hár og velja viðeigandi efni.

- **Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**
- ráðleggja viðskiptavini um val og meðhöndlun á permanenti eða varanlegri sléttun.
- greina ástand hárs og velja viðeigandi efni.
- meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð.
- ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.

**Námsmat**

Símat